

Próf í verðbréfiðskiptum A-hluti

Nóvember 2003

Fjármunaréttur (70%) og félagaréttur (30%)

Leyfileg gögn: Lagasafn þ.e. öll lög reglur og reglugerðir.

Fjármunaréttur (70%)

Miðvikudagur 12. nóvember 2003 16:00-20:00

Próf í verðbréfamíðlun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn í A-hluta (lögfræði) eru eingöngu lög og reglugerðir

Svarist á sér próförk

I. hluti. Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

1. (10%) Fjallið um reglur kröfuréttar um það þegar fleiri en einn bera ábyrgð á skuld, þ.e. þau tilvik þegar hver ber hluta af ábyrgðinni (skipt ábyrgð = pro rata) og þegar ábyrgð skuldara er sameiginleg (óskipt ábyrgð = solidarisk).
2. (15%) Gerið grein fyrir réttarúrræðunum efndabótum og vangildisbótum í kröfurétti og þeim mun sem er á þeim.
3. (20 %) Gerið grein fyrir meginreglum kröfuréttar um kröfuhafaskipti og lögfestum og ólögfestum reglum um skuldaraskipti (skuldskeytingu).
4. (25%) Gerið grein fyrir helstu rökum (ástæðum) fyrir tilvist fyrningarreglna og helstu reglum sem gilda hér á landi um upphaf fyrningarfrests, lengd fyrningarfrests og hvernig fyrningu verður slitið.

Félagaréttur (30%)

Miðvikudagur 12. nóvember 2003 16:00-20:00

Próf í verðbréfamiðlun samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 og reglugerð nr. 301/1999.

Leyfileg hjálpargögn í A-hluta (lögfræði) eru eingöngu lög og reglugerðir

Svarist á sér próförk

- 10% Útskýrið eftirgreind hugtök. Gerið sérstaklega grein fyrir samþættingu þeirra, þ.e. hvort eitt eða fleiri inniheldur hin undantekningalaust.
 - a. Félag
 - b. Lögaðili
 - c. Fyrirtæki
- 10% Nefnið 3 dæmi úr lögum nr. 2/1995 um hlutafélög sem öðrum fremur fela í sér vernd fyrir lánardrottna. Skýrið.
- 10% Gerið stutta grein fyrir stöðu og hlutverki framkvæmdastjóra í hlutafélögum.